

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/692

2016/EES/57/51

frá 4. maí 2016

## um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur bæði bragðefni, sem hafa verið metin, þar sem engar neðanmálgreinar eru settar við þessi efni og einnig bragðefni, sem verið er að meta, sem eru auðkennd með neðanmálgreinum 2 og 4 í skránni.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur lokið matinu á sjö eignum sem eru sem stendur skráð sem bragðefni sem verið er að meta. Matvælaöryggisstofnunin mat þessi bragðefni í eftirfarandi mati á hópi bragðefna FGE.21rev5 <sup>(4)</sup> Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi bragðefni teljist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn með fæðu.
- 6) Bragðefnin, sem metin voru í þessu mati, ætti að skrá sem metin efni með því að eyða tilvísununum í neðanmálgreinar 2 og 4 í viðkomandi færslum í skrá Sambandsins.
- 7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 5.5.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(4), 4066.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.040 komi eftirfarandi:

„15.040	2-asetýlþíófen	88-15-3	11728			EFSA“
---------	----------------	---------	-------	--	--	-------

2) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.045 komi eftirfarandi:

„15.045	2-bútylþíófen	1455-20-5				EFSA“
---------	---------------	-----------	--	--	--	-------

3) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.074 komi eftirfarandi:

„15.074	5-etylþíófen-2-karbaldehyð	36880-33-8				EFSA“
---------	----------------------------	------------	--	--	--	-------

4) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.076 komi eftirfarandi:

„15.076	2-hexýlþíófen	18794-77-9	1764	11616		EFSA“
---------	---------------	------------	------	-------	--	-------

5) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.093 komi eftirfarandi:

„15.093	2-oktýlþíófen	880-36-4				EFSA“
---------	---------------	----------	--	--	--	-------

6) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.096 komi eftirfarandi:

„15.096	2-pentýlþíófen	4861-58-9	2106	11634		EFSA“
---------	----------------	-----------	------	-------	--	-------

7) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 15.097 komi eftirfarandi:

„15.097	2-própíónýlþíófen	13679-75-9	11635			EFSA“
---------	-------------------	------------	-------	--	--	-------